

Para saman form og liti – fyrir þau yngri:

Prentið út öll fjögur spjöldin og plastið. Prentið líka út lausu formin, klippið og plastið. Teiknið og litið sömu form og eru á spjöldunum á tréklemmur. Finnið til stórar bréfklemmur sem eru líka í þessum sömu litum. Börnin eiga síðan að klemma rétta klemmu þar sem eins form er í sama lit, festa sama lit af bréfklemmu og leggja rétt laust form ofan á hvern ramma. T.d. er rauður ferningur á spjaldinu. Þá á að setja í þann reit klemmu með rauðum ferningi, lausa formið með rauða ferningnum ofan á og svo rauða bréfklemmu. Það má bæta við niðurklipptum sogrörum í sömu litum sem og ýmsu öðru smádóti sem gæti passað í ramma. Þetta er mjög góð æfing fyrir fínhreyfingar.









